

# Erindisbréf hafnarstjórnar Fjarðabyggðar

## *Umboð*

### 1. gr.

Hafnarstjórn Fjarðabyggðar starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar, hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

## *Verksvið*

### 2. gr.

Stjórnin skal móta stefnu bæjarins í hafnarmálum. Stjórnin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarstjórnar um málefni á verksviði sínu. Jafnframt hefur stjórnin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði hennar sé fylgt. Þá fer stjórnin með önnur þau verkefni sem henni eru falin.

## *Verkefni*

### 3. gr.

Um starfs- og valdsvið hafnarstjórnar er vísað til 3. gr. hafnarreglugerðar fyrir Fjarðabyggðarhafnir. Meginverkefni eru eftirfarandi:

- Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum og rekstri hafnanna. Nýbyggingum og viðhaldi hafnanna skal sinnt í samvinnu við eigna-, skipulags- og umhverfissvið. Leita skal staðfestingar bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs sem ná til lengri tíma en yfirstandandi fjárhagsárs.
- Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnanna svo sem ráðstöfun á aðstöðu. Ákvarðanir um leigu á húsnæði í eigu hafnanna og landi þeirra skulu teknar í samráði við eigna-, skipulags- og umhverfissvið.
- Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðum og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi.
- Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðum skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.

## *Laga- og reglurammi*

### 4. gr.

Hafnarstjórn skal í störfum sínum fylgja lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum um málefni hafna og almennum samþykktum bæjarstjórnar um málefni sveitarfélagsins s.s.

- Stefnumörkun bæjarstjórnar
- Samþykktum um stjórn Fjarðabyggðar
- Mannauðsstefnu
- Jafnréttisstefnu

- Innkaupareglum
- Ferli og framsetningu fjárhagsáætlunar

### *Skipan*

#### 5. gr.

Stjórnin er skipuð fimm fulltrúum kjörnum af bæjarstjórn og jafnmörgum til vara. Bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar og varaformann. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil stjórnarinnar er hið sama og bæjarstjórnar.

Stjórnin getur í sérstökum tilfellum skipað starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum stjórnnum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk innan kjörtímabils stjórnarinnar.

### *Verkstjórn og verkaskipting*

#### 6. gr.

Formaður stjórnarinnar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í stjórninni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Hafnarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana stjórnarinnar og rekstri á verksviði stjórnarinnar, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda.

### *Boðun funda og fundarsköp*

#### 7. gr.

Stjórnin heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk tveggja stjórnarmanna um fund í stjórninni ber að verða við því. Fella má niður fundi í júlí og ágúst eða í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, undirbýr og ákveður dagskrá í samráði við hafnarstjóra og stýrir fundum stjórnarinnar. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í stjórninni hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði stjórnarinnar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, og skulu dagskrá og fundargögn fylgja fundarboði. Að jafnaði skulu fundir boðaðir rafrænt.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar eftir því sem við á.

Hafnarstjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Þá getur stjórnin boðað til fundar einstaka starfsmenn Fjarðabyggðar sem og aðra þá til sem hún telur þörf á hverju sinni.

### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

#### 8. gr.

Stjórnarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Fundargerðir skulu skráðar og afrit sent til bæjarráðs að fundi loknum. Um ritun fundargerða fer eftir fyrirmælum samþykktar um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar og nánari verklagsreglum eftir því sem við á. Fundarritun er á ábyrgð hafnarstjóra.

Í upphafi árs skal kynna fundaáætlun stjórnarinnar fyrir það ár. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjóra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á. Fundir í einstökum þéttbýliskjörnum skulu ákveðnar í fundaáætlun.

Samhliða gerð fundaáætlunar skal ganga frá dreifingarlista fundargagna og ákveða fyrirkomulag dreifingar.

#### *Samráð*

##### 9. gr.

Stjórnin ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa og hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum stjórnarinnar. Auk lögbundins samráðs skal stjórnin leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

#### *Fjármál*

##### 10. gr.

Stjórnin felur hafnarstjóra að vinna áætlun um tekjur, útgjöld og fjárfestingu í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun stjórnarinnar. Stjórnin afgreiðir starfs- og fjárhagsáætlun sem hluta af fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar. Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja og leggja fyrir bæjarráð til samþykktar. Formaður hafnarstjórnar og hafnarstjóri kynna bæjarráði starfs- og fjárhagsáætlun hafnanna.

#### *Ráðningar*

##### 11. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra sem jafnframt er hafnarstjóri. Hafnarstjóri ræður í störf undirmanna sinna.

#### *Fullnaðarafgreiðsla mála*

##### 12. gr.

Hafnarstjórn afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar:

- Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Fjarðarbyggðarhafna. Þó ekki staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun, ákvarðanir um breytingu hafnarsvæðis og ákvarðanir sem varða nýframkvæmdir sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.

Hafnarstjórn getur ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til bæjarráðs.

*Málsmeðferð*

13. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðanir skal þess gætt að farið sé að sveitarstjórnarlögum, stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýslu.

Óski aðili rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu stjórnarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji bæjarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal stjórnin taka mál upp.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 3.apríl 2019.

Jafnframt fellur úr gildi eldra erindisbréf sama efnis

  
Karl Óttar Pétursson  
bæjarstjóri

